

X og Y
gegn
Íslandspósti hf.

I.
Erindið

Með bréfi, dags. 16. október 2005, barst Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) erindi frá ábúendum í Hvalseyjum, þess efnis að PFS hnekki þeirri ákvörðun Íslandspósts hf. (hér eftir Íslandspóstur), að rifta samningi um landpóstþjónustu í Hvalseyjar.

Að mati ábúenda ríkti algjört öngþveiti í pósthjónustu fyrir tilkomu samningsins m.a. höfðu þau reynt að opna pósthólf í Borgarnesi en það hafði ekki gengið, þar sem mánuðir gátu liðið á milli ferða í Borgarnes. Þá hafi einnig verið reynt að breyta pósthöfningi til dóttur þeirra í Mosfellsbæ, en það hafi heldur ekki gengið m.a. vegna þess að tölvukerfi fyrirtækja og stofnana leiðrétti pósthöfning með tilliti til lögheimilis með einhverra mánaða millibili. Áframsending til umboðsmanns hafi ekki gengið upp heldur, auk þess sem sumt af þeim pósti sem kom til ábúenda, innihélt efni sem öðrum kom ekki við. Telja ábúendur að vandræði þeirra og óþægindi vegna þessa hafi verið mjög mikil og einnig hafi þau orðið fyrir fjárhagstjóni. Eftir tilkomu samningsins hafi aldrei komið upp vandamál með pósti að Hvalseyjum.

Í erindinu er einnig lögð áhersla á að krónur og aurar séu ekki aðalatriði, heldur að afhentur sé póstur eins og til annarra landsmanna. Það hafi alfarið verið ákvörðun Íslandspósts hf. hvaða greiðslur hafi komið fyrir þessa þjónustu og að fenginni reynslu séu þær upphæðir óverulegar miðað við þá fyrirhöfn sem fylgir því að sækja póstin.

Krafa ábúenda er að samningurinn við Íslandspóst haldi gildi sínu, bæði hvað varðar greiðslu sem og fjölda ferða, en póstur komi tvisvar í viku.

II.
Málavextir og bréfaskipti
1.

Málavextir eru þeir að með bréfi, dags. 12. september 2005 sagði Íslandspóstur upp verksamningi, dags. 16. febrúar 2001, við Y um póstdreifingu í Hvalseyjar.

Samningurinn kvað á um verktaki skuli sækja póst í póstkassa sem staðsettur er við bæinn Traðir, en þar er bátalægi fyrir bát er kemur frá Hvalseyjum. Í samningnum er miðað við að farnar séu tvær ferðir í viku hverri, miðvikudag og fimmtudag.

Í samningnum var kveðið á um að verktaki ætti að fá ákveðið kílómetragjald greitt sem bundið væri samningi við Landpóstafélag Íslands og hækkanir og lækkanir á gjaldinu háðar þeim samningi á hverjum tíma. Gjaldið í dag er kr. Z¹ fyrir bátinn á hverja ferð. Hver ferð er metin á 60 km.

¹ Fellt út vegna trúnaðar.

Samningurinn er með gildistíma frá 1. janúar 2001 og uppsegjanlegur með þriggja mánaða fyrirvara.

2.

Með tölvupósti PFS, dags. 19. október 2005 var Íslandspósti boðið að tjá sig um efni erindisins. Íslandspóstur skilaði inn umsögn með bréfi, dags. 20. október 2005. Í umsögn Íslandspósts kemur m.a. fram að fyrirtækið muni ekki breyta neinu varðandi núverandi fyrirkomulag, fyrir utan það að greiðslu af hálfu Íslandspósts verður hætt og ábúendur þurfa að sækja sinn eigin póst á eigin kostnað.

Þá vísar Íslandspóstur í 16. gr. reglugerðar um alþjónustu nr. 364/2003. Þar sem segir að “*ef ekkert vegasamband er við húsið*” og “*ef viðkomandi hús er staðsett langt utan við almenna byggð*”, sé hægt að staðsetja bréfabassa lengra en 2000 metra frá húsi. Telur Íslandspóstur að báðar þessar fullyrðingar eigi við um Hvalseyjar.

Í tilfalli Hvalseyja sé bréfabassi staðsettur í landi (við bæinn Traðir) og verði því ekki breytt. Eina breytingin sem verði að mati Íslandspósts sé sú að ábúendur fái ekki greitt fyrir að fara að heiman frá sér til að sækja póst í bréfabassann. Póstur muni berast í bréfabassann fimm sinnum í viku sem er aukning frá tveimur ferðum og ábúendur geti tæmt bréfabassann þegar þeim hentar.



Mynd sem sýnir legu Hvalseyja og staðsetningu bréfabassa í landi.

Íslandspóstur lýsir landpóstakerfi fyrirtækisins með eftirfarandi hætti í umsögninni. “*Landpóstakerfi Íslandspósts er byggt upp þannig að notendur(sic) sem búa við sambærilegar aðstæður standi til boða sambærileg þjónusta. Landpóstakerfið er byggt upp á að landpóstar fari á bifreiðum sínum eftir þjóðvegum landsins og dreifi. Ferðatíðni fer m.a. eftir íbúafjölda, ástandi vega og vetrarþjónustu vegagerðarinnar. Ekki er gert ráð fyrir bátsferðum, nema í tengslum við opinberar áætlunarferðir sem eru á vegum vegagerðarinnar.*”

Þá telur Íslandspóstur það ekki vera skyldu fyrirtækisins að búa til samgönguleiðir né að viðhalda vegum. Heldur notist fyrirtækið við þær samgönguleiðir sem í boði eru, vegi og opinberar áætlunarferðir skipa og flugvéla. Bendir Íslandspóstur á að það sé á forræði Vegagerðarinnar að halda upp vegasamböndum og áætlunarferðum í eyjar.

Vegagerðin beri kostnað af áætlunarferðum út í eyjar og einnig kostnað af snjómokstri þar sem það á við. Óeðlilegt væri ef Íslandspósti væri gert að kosta sérstakar ferðir til að sækja póst frá Hvalseyjum. Fyrirtækið noti þær ferðir sem í boði eru s.s. í Flatey, Skáleyjar, Æðey, Vigur og til Mjófjarðar og greiði fyrir gjald samkvæmt umfangi.

Að lokum bendir Íslandspóstur á að almennt sé það afstaða fyrirtækisins að þeim beri ekki að greiða móttakendum fyrir að sækja póst í bréfastöð. Fólki sem kys að búa utan alfaraleiða og utan vegasambands geti ekki varpað þeirri ábyrgð yfir á Íslandspósts að það sé skylda fyrirtækisins að veita fulla þjónustu til slíkra staða. Íslandspóstur hafi á undanförunum árum stóraukið þjónustutíðni í sveitum landsins með gríðarlegum kostnaðarauka. Núverandi samningur við ábúendum í Hvalseyjum hafi verið gerður áður en reglugerð um alþjónustu var gefin út.

3.

Með bréfi, PFS, dags. 21. október 2005, var ábúendum að Hvalseyjum gefinn kostur á að skila athugasemdum um umsögn Íslandspósts. Svar barst með símskeyti, dags. 3. nóvember 2005. Orðrétt segir í símskeytinu:

“Tjáum okkur ekki um erindi bréfs yðar 21. október 2005.

Staðreynd er: Allir einstaklingar fyrirtæki og opinberar stofnanir sem eiga erindi við okkur setja erindið í umslag og borga Íslandspósti gjald fyrir að koma erindinu til skila. Við óskum úrskurðar. Á Íslandspóstur að koma póstinum heim til okkar? Á Íslandspóstur ekki að koma póstinum heim til okkar?”

III.

Niðurstaða

1.

Fimm daga þjónusta.

Í 21. gr. laga um póstþjónustu nr. 19/2002, er kveðið á um útburð póst, en greinin er svohljóðandi:

“Póst- og fjarskiptastofnun skal tryggja að alls staðar á landinu sé alla virka daga borinn út póstur sem fellur undir skilgreiningu á alþjónustu nema kringumstæður og landfræðilegar aðstæður hindri slíkt.”

Í greinargerð með frumvarpi til laga um póstþjónustu var sérstaklega tiltekið að slíkar kringumstæður gætu verið ófærð og óveður eða sérstakar landfræðilegar aðstæður.

Upplýst er í málinu af hálfu Íslandspósts að fyrirtækið ber nú út póst hvern virkan dag til ábúenda að Hvalseyjum og er því ekki þörf á að fjalla sérstaklega um tíðni útburðar í Hvalseyjar, sbr. 21. gr. laga um póstþjónustu og 10. gr. reglugerðar um alþjónustu nr. 364/2003.

2.

Afhending póstsendinga

Í 31. gr. laga um póstþjónustu er fjallað um móttöku og afhendingu póstsendinga, þar kemur fram í 4. mgr:

“Póstsendingu skal dreift til eða afhent þeim aðila sem hún er stíluð á eða hefur umboð til móttöku hennar, í bréfastöð eða pósthólfviðtakanda eða þangað sem utanáskrift segir að öðru leyti til um...”

Í 14. gr. reglugerðar um alþjónustu, er nánar kveðið á um afhendingarmátann s.s. hverjum má afhenda og hvenær póstsendingar teljast réttilega afhendar:

“Póstsendingu skal dreift til eða afhent þeim sem hún er stíluð á eða hefur umboð til móttöku hennar, í pósthólf viðkomandi eða þangað sem utánáskrift segir að öðru leyti til um, sbr. þó 3. mgr. 10. gr.

Póstsending telst í vörslu pósthjónustuaðila frá móttöku og þar til hún hefur verið afhent viðtakanda.

Sendingu má afhenda viðtakanda með eftirfarandi hætti:

- a) *Með því að hún er sótt á afgreiðslustað póstrekinga;*
- b) *Með útburði til viðtakanda eftir því sem póstfang segir til um;*
- c) *Með því að láta hana í pósthólf, sem viðtakandi tekur á leigu á afgreiðslustöðum.”*

Almennar bréfaþóstsendingar teljast réttilega afhentar, þegar bréfberi hefur fengið þær í hendur viðtakanda sjálfum, eða einhverjum á heimili hans, starfsmanni í móttöku, ef viðtakandi er fyrirtæki, látið þær í gegnum bréfarífu á hurð viðtakanda eða í bréfabakka, ef viðtakandi er þar merktur.”

PFS lítur svo á að sá afhendingarmáti sem Íslandspóstur viðhefur í því tilviki sem hér er til úrlausnar falli undir b. lið 2. mgr. *“Með útburði til viðtakanda eftir því sem póstfang segir til um:”* Þá verður einnig að telja að afhending í bréfabakka við bæinn Traðir, sé afhendingarmáti sem heimild er fyrir í 3. mgr. 14. gr. reglugerðarinnar, þar sem afhending í bréfabakka er ein af þeim aðferðum sem bréfberar geta viðhaft við að koma bréfum á réttann hátt til skila.

Samkvæmt ofangreindu verður ekki séð annað en að sá afhendingarmáti sem Íslandspóstur viðhefur, að því er varðar útburð til Hvalseyja, sé í samræmi við 4. mgr. 31. gr. laga um pósthjónustu og 2. og 3. mgr. 14. gr. reglugerðar um alþjónustu. Af því leiðir að við afhendingu í bréfabakassann að Tröðum lýkur þeim skyldum sem Íslandspóstur ber samkvæmt lögum.

3.

Staðsetning bréfabakka

Hér að ofan var það niðurstaða PFS að afhending Íslandspósts í bréfabakka við bæinn Traðir sé í samræmi við 4. mgr. 31. gr. laga um pósthjónustu og 2. og 3. mgr. 14. gr. reglugerðar um alþjónustu. Í ljósi neðangreindrar kröfu í símskeyti, dags. 3. nóvember 2005: *“Á Íslandspóstur að koma póstinum heim til okkar? Á Íslandspóstur ekki að koma póstinum heim til okkar?”* er rétt að fara nokkrum orðum um staðsetningu bréfabakassans að Tröðum. En skilja verður ofangreinda kröfu með þeim hætti að ábúendur telji að Íslandspóstur beri skyldu til að koma póstsendingum alla leið út í Hvalseyjar.

Í 16. gr. reglugerðar um alþjónustu er að finna reglur um hvar staðsetja skuli bréfabakka í þéttbýli og dreifbýli. Staðsetning bréfabakassans er við bæinn Traðir. Ekki verður annað séð en að sú staðsetning sé eðlileg miðað við þær aðstæður sem eru til staðar, sbr. t.d. mynd sem fylgdi umsögn Íslandspósts. Enda verður að telja að landfræðilegar aðstæður valdi því að önnur staðsetning komi vart til greina. Þær undantekningarreglur sem fram koma í 2. og 3. tl. 16. gr. reglugerðar um alþjónustu eiga því við í þessu tilviki.

Þá skiptir og máli að engar opinberar samgöngur eru við Hvalseyjar en í umsögn Íslandspósts kemur fram að fyrirtækið notar þær opinberu samgöngur sem í boði eru s.s. í Flatey, Skáleyjar, Æðey og í Vigur. Íslandspóstur hefur þ.a.l. engin tók á að

koma póstsendingum alla leið út í Hvalseyjar, í því ljósi verður einnig að telja að núverandi staðsetning bréfaþakassans sé eðlileg miðað við aðstæður.

Með vísun í ofangreint verður að telja að staðsetning bréfaþakassans, sé í samræmi við þær reglur sem settar eru í 16. gr. reglugerðar um alþjónustu.

4.

Krafa um að samningur aðila frá 16. febrúar 2001 haldi gildi sínu

Eftir stendur þá að kveða upp úr með það hvort að sá samningur sem Íslandspóstur gerði þann 16. febrúar 2001 sem kvað á um sérstakar greiðslur fyrir að sækja póstsendingar í bréfaþakassann, eigi að halda gildi sínu. Eins og vikið er að hér að ofan er það niðurstaða PFS að afhending póstsendinga sem viðhöfð er í þessu tilviki sé í samræmi við þær skyldur sem fram koma í 4. mgr. 31. gr. laga um pósthjónustu og 14. gr. reglugerðar um alþjónustu. Þá var það einnig niðurstaða PFS að núverandi staðsetning bréfaþakassans sé í samræmi við 16. gr. reglugerðar um alþjónustu. Af því leiðir að Íslandspósti hf. er ekki skylt að greiða ábúendum sérstaklega fyrir að sækja póst í bréfaþakassann, eins og samningur aðila kvað á um og er Íslandspósti þar með heimilt að segja samningnum upp, þar sem þær skyldur sem Íslandspóstur undirgengst með samningunum, eiga sér hvorki stoð í lögum um pósthjónustu né í reglugerð um alþjónustu.

V.

Ákvörðunarorð

Það þjónustustig sem Íslandspóstur hf. býður ábúendum að Hvalseyjum er í samræmi við lög um pósthjónustu nr. 19/2002 og reglugerð um alþjónustu nr. 364/2003.

Sú skylda að greiða ábúendum að Hvalseyjum sérstaklega fyrir að sækja póst í bréfaþakassa, þar sem hann er staðsettur við bæinn Traðir, sbr. samningur þar um, dags. 16. febrúar 2001, verður ekki felld á Íslandspóst hf. samkvæmt lögum um pósthjónustu né reglugerð um alþjónustu. Kröfu ábúenda um að samningurinn haldi gildi sínu er þar með hafnað.

Ákvörðun þessa má bera undir úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála, kærufrestur er fjórar vikur, sbr. 13. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 69/2003.

Póst- og fjarskiptastofnun, 29. maí 2006.